



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reglur Reykjavíkurborgar um ferðaþjónustu fatlaðs fólks.

Á fundi velferðarráðs þann 22. febrúar 2018, var lögð fram að nýju með áorðnum breytingum, tillaga að nýjum reglum Reykjavíkurborgar um ferðaþjónustu fatlaðs fólks.

Lögð fram eftirfarandi breytingartillaga:

Lagt er til að samþykki umsóknar þegar um varanlega hreyfihömlun er að ræða verði ótímabundið.
Samþykkt samhljóða.

Reglurnar lagðar fram til samþykkis, svo breyttar, af hálfu ráðsins.
Samþykkt samhljóða.

Greinargerð fylgir tillögu.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar óskar eftir því að skrifstofa borgarstjórnar annist birtingu framangreindra reglna í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,


Regina Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri

Reykjavík, 20. febrúar 2018
VEL2017030060
325. fundur
RÁ/hjb/sf

Lagt fyrir fund velferðarráðs 22. febrúar 2018

Tillaga

Tillaga velferðarráðs

Lagt er til að samþykkt verði tillaga að nýjum reglum Reykjavíkurborgar um ferðaþjónustu fatlaðs fólks.

Greinargerð:

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar veitir ferðaþjónustu til fatlaðs fólks á grundvelli 35. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992. Núgildandi reglur Reykjavíkurborgar um ferðaþjónustu fatlaðs fólks voru samþykktar á fundi velferðarráðs þann 4. desember 2014 og á fundi borgarráðs þann 11. desember 2014. Reglurnar tóku gildi þann 1. janúar 2015.

Með bókun fulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna, Pírata og Framsóknar og flugvallarvina, á fundi velferðarráðs, dags. 16. mars 2017, var ítrekað mikilvægi þess að endurskoðun á reglum um ferðaþjónustu fatlaðs fólks yrði unnin í nánu samstarfi við þjónustuhópinn og að drög yrðu send hagsmunasamtökum til umsagnar áður en endanleg ákvörðun væri tekin um breytingar á reglum.

Í samræmi við framangreinda bókun voru drög að breytingum á ákveðnum ákvæðum reglna um ferðaþjónustu fatlaðs fólks send til hagsmunasamtaka fatlaðs fólks og notendaráðs fatlaðs fólks og óskað eftir umsögnum. Margar athugasemdir bárust velferðarsviði Reykjavíkurborgar vegna reglnanna í heild og í kjölfar umsagna hagsmunasamtaka og notendaráðs var ákveðið að leggja til ýmsar breytingar á heildartexta reglnanna auk þess sem tilefni þótti til að samræma þær öðrum gildandi reglum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Margar breytingar snúa því fyrst og fremst að uppsetningu reglnanna og orðalagi en ekki efni reglnanna. Helstu efnisbreytingar varða afnám á hámarksfjölda ferða, aldursviðmiði og þjónustutíma.

Sjá nánar í meðfylgjandi minnisblaði.

Reglur Reykjavíkurborgar um ferðapjónustu fatlaðs fólks

I. kafli Almenn ákvæði

1. gr. Markmið

Markmið ferðapjónustu fatlaðs fólks er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki vegna fötlunar kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómsunda.

II. kafli Umsókn um þjónustu og skilyrði fyrir þjónustu

2. gr. Umsókn og fylgigögn

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar annast afgreiðslu umsóknar um ferðapjónustu fatlaðs fólks. Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um fyrir sína hönd.

Umsókn um undanþágu frá 2. mgr. 3. gr. vegna sérstakra aðstæðna, s.s. vegna færðar, tímabundinna veikinda eða bilunar á bifreið sem notandi hefur til umráða skal senda til þjónustumiðstöðvar í því hverfi sem umsækjandi á lögheimili í.

Með umsókn skulu fylgja öll nauðsynleg gögn, s.s. læknisvottorð, greining á fötlun¹ og upplýsingar um styrk frá Tryggingastofnun ríkisins til bifreiðakaupa eða reksturs bifreiðar. Þjónustumiðstöð er heimilt að óska eftir nánari upplýsingum um umsækjanda, með hans samþykki.

Umsókn skal metin á grundvelli möguleika umsækjanda til að nýta sér þjónustu almenningsvagna og/eða aðra ferðamöguleika.

Viðmið um ferðafjölda skulu taka mið af þörfum hvers og eins.

3. gr. Skilyrði fyrir samþykki umsóknar

Umsækjandi skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði til að umsókn verði samþykkt og verða skilyrðin að vera uppfyllt á meðan umsækjandi fær ferðapjónustu fatlaðs fólks:

1. Umsækjandi skal eiga lögheimili í Reykjavík.
2. Umsækjandi skal teljast fatlaður í skilningi 2. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992.
3. Umsækjandi á ekki rétt á niðurgreiddri akstursþjónustu frá öðrum aðilum eða rétt á akstri samkvæmt öðrum lögum, reglugerðum eða reglum.

¹ Til dæmis frá Greiningarstöð ríkisins og Landspítala háskólasjúkrahúsi.

4. Umsækjandi hafi ekki fengið styrk til bifreiðakaupa frá Tryggingastofnun ríkisins né njóta styrks til reksturs bifreiðar.
5. Umsækjandi skal uppfylla eitt eða fleiri eftirfarandi skilyrða:
 - a. Er hreyfihamlaður og þarf að nota hjólastól. Skilyrði er að um sé að ræða varanlega hreyfihömlun eða hreyfihömlun sem hefur varað í þrjá mánuði eða lengur.
 - b. Er blindur.
 - c. Er ófær um að nota almenningsfarartæki vegna annarrar langvarandi fötlunar.

Þjónustumiðstöð er heimilt að veita undanþágu frá 4. tl. 1. mgr. 3. gr. reglna þessara vegna sérstakra aðstæðna, s.s. vegna færðar, tímabundinna veikinda eða bilunar á bifreið sem þeir hafa til umráða.

Hafi fatlaður einstaklingur, sem orðinn er 67 ára, fengið ferðaþjónustu fatlaðs fólks áður en hann náði þeim aldri á hann rétt á þeirri þjónustu áfram meðan þörf krefur að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum í reglum þessum. Einstaklingur sem náð hefur 67 ára aldri og sækir um þjónustu samkvæmt reglum þessum getur átt rétt á ferðaþjónustu fatlaðs fólks ef sýnt þykir að fötlun hans stafi ekki af aldurstengdri skerðingu að mati velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum í reglum þessum.

4. gr.

Gildistími umsóknar

Gildistími samþykktar umsóknar skal taka mið af þörf hvers og eins. Miða skal við að umsókn sé samþykkt til tveggja ára. Ef um varanlega hreyfihömlun er að ræða er heimilt að samþykkja umsókn ótímabundið. Þjónustumiðstöð skal upplýsa notanda að jafnaði tveimur mánuðum áður en samþykkt umsókn rennur úr gildi.

Notandi skal upplýsa þjónustumiðstöð um breytingar á högum sínum. Ef um er að ræða verulegar breytingar á högum umsóknaraðila eftir að umsókn hefur verið samþykkt er þjónustumiðstöð heimilt að endurskoða gildistíma samþykkis fyrir ferðaþjónustu fatlaðs fólks.

5. gr.

Tímabundið samþykki

Þegar notandi ferðaþjónustu fatlaðs fólks dvelur tímabundið utan þjónustusvæðis samkvæmt reglum þessum og óskar eftir ferðaþjónustu fatlaðs fólks þar sem hann er staddur, er það heimilt ef fyrirliggjandi er samþykkt Reykjavíkurborgar um ferðaþjónustu fatlaðs fólks. Þá skal einnig liggja fyrir samþykki dvalarsveitarfélags um veitingu þjónustunnar. Samþykkt skal vera tímabundin, að hámarki í þrjá mánuði.

Íbúar annarra sveitarfélaga en Reykjavíkurborgar sem óska eftir ferðaþjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík vegna tímabundinnar dvalar geta sótt um að fá ferðaþjónustu fatlaðs fólks á þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar. Heimilt er að samþykkja slíkar umsóknir að því tilskildu að þeir hafi samþykkt fyrir henni í lögheimilissveitarfélagi og viðkomandi sveitarfélag greiði kostnað við ferðir.

6. gr.

Ferðaþjónusta fyrir börn

Forsjáraðilar fatlaðra barna sækja um akstur samkvæmt reglum þessum fyrir börn, t.d. vegna tómstunda, læknisferða, sjúkraþjálfunar eða til að rjúfa félagslega einangrun. Barn yngra en sex ára skal ávallt vera í fylgd fullorðins einstaklings þegar ferðast er með ferðaþjónustu fatlaðs fólks. Þurfi barn bílstól er það á ábyrgð foreldra að útvega hann.

Reglur þessar taka ekki til skólaaksturs barna í grunnskóla en með skólaakstri er átt við allan akstur á skólatíma, þ.m.t. á þeim tíma sem barn dvelst í lengdri viðveru á vegum skólans.

III. kafli

Framkvæmd ferðaþjónustunnar

7. gr.

Þjónustutími

Ferðaþjónusta fatlaðs fólks er í boði á eftirtöldum tímum:

Virka daga frá kl. 6:30 til kl. 01:00.

Laugardaga frá kl. 8:00 til kl. 01:00.

Sunnudaga frá kl. 11:00 til kl. 01:00.

Akstur á stórhátíðardögum er eins og á sunnudögum að undanskildum aðfanga- og gamlársdegi. Þá daga er akstursþjónusta til kl. 17:00.

Miðað er við að ferðir hefjist innan þjónustutíma.

8. gr.

Pantanir/afpantanir

Notendur panta ferðir á netinu eða hjá þjónustuveri Strætó bs. Tekið er á móti pöntunum alla daga á opnunartíma þjónustuvers. Ekki er unnt að tryggja að hægt sé að veita þjónustu til einstaklinga nema pantað sé með a.m.k. tveggja klukkustunda fyrirvara, þó reynt sé að bregðast við pöntunum eins fljótt og auðið er.

Notendur skulu gefa upplýsingar um fastar ferðir vegna t.d. vinnu, skóla eða hæfingar til að þjónustuaðilar geti leitað hagræðis við skipulagningu ferða.

Ekki er unnt að tryggja að unnt sé að veita þjónustu vegna hópferða nema þær séu pantaðar með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara. Hópur telst vera fimm einstaklingar eða fleiri en hver einstaklingur greiðir eftir sem áður fyrir sig.

Afpöntun reglubundinna ferða skal vera með sem lengstum fyrirvara, helst deginum áður, en í undantekningartilvikum með tveggja klukkustunda fyrirvara fyrir fyrirhugaða ferð. Að öðrum kosti telst ferðin með í uppgjöri.

9. gr.

Tilhögun ferða

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur frá einum stað til annars, innan þjónustusvæðis samkvæmt reglum þessum.

Notandi skal vera tilbúinn til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma. Biðtími fyrir notendur skal að jafnaði ekki fara yfir tíu mínútur frá umsömdum tíma. Ef notandi þarf aðstoð við að komast í og úr bifreið skal ökumaður aðstoða hann við það.

Ekki er beðið á meðan notandi sinnir erindi sínu.

Miða skal við að ferðatími milli staða sé svipaður og hjá almenningsvögnum. Ferðatími notanda skal ekki vera lengri en 60 mínútur í senn. Notendur þurfa þó að vera viðbúnir töfum eða breytingum á áætlun, s.s. vegna færðar og umferðartafa á annatímum.

Ferðapjónustan er sérhæfð þjónusta og byggist á samnýtingu ökutækja þannig að fleiri en einn notandi ferðast að jafnaði saman.

Bílstjórum er ekki heimilt að sinna sendiferðum fyrir notendur. Notanda sem ekið er til læknis er heimilt að hringja eftir akstri til baka að viðtali loknu enda hafi það ekki verið vitað fyrirfram hve viðtalið tæki langan tíma.

10. gr.

Aðrir farþegar og aðstoðarmenn

Notanda er heimilt að hafa með sér einn farþega og greiðir notandinn þá sama gjald fyrir hann.

Börn undir sex ára aldri í fylgd með fötluðum foreldrum greiða ekkert gjald.

Fyrir fylgdarmann fatlaðs barns sem er yngra en sex ára er ekki greitt fargjald.

Geti notandi ekki ferðast einn að mati þjónustumiðstöðvar skal aðstoðarmaður fylgja honum. Fyrir aðstoðarmenn er ekki greitt fargjald.

11. gr.

Gjald og þjónustusvæði

Gjald fyrir hverja ferð skal miðast við gjaldskrá velferðarsviðs um ferðapjónustu fatlaðs fólks.

Þjónustusvæði ferðapjónustunnar er Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Reykjavík, Seltjarnarnes og Mosfellsbær.

IV. kafli

Öryggi og samráð

12. gr.

Öryggi

Ökutæki, ökumenn og aðrir starfsmenn sem koma að ferðapjónustu fatlaðs fólks skulu uppfylla ákvæði gildandi laga og reglugerða um starfsemina auk þess sem hafa ber

hliðsjón af leiðbeiningum velferðarráðuneytisins fyrir sveitarfélög um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk.

Ökumaður sem sinnir ferðaþjónustu fatlaðs fólks skal hafa aukin ökuréttindi og hafa sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru ætluð ökumönnum fólksflutningabifreiða.

Ökumaður skal jafnframt reglulega sitja námskeið um þjónustu við fatlað fólk með það að markmiði að vera vel undirbúinn fyrir það verkefni að sinna ólíkum notendum og til að auka skilning og hæfni hans í þjónustunni.

Óheimilt er að ráða starfsmann til aksturs eða annarrar ferðaþjónustu sem hlotið hefur refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII., XXIII. eða XXIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum. Hafi ökumaður gerst sekur um brot á ákvæðum laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og/eða umferðarlögum nr. 50/1987, með síðari breytingum, skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna starfi ökumanns.

Við ráðningu ökumanns skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild veitt af hans hálfu til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

13. gr.

Samráð

Fulltrúar samráðshóps félagsmálastjóra sveitarfélaga sem tilheyra þjónustusvæði ferðaþjónustunnar, þ.e. Hafnarfirði, Garðabæ, Reykjavík, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ auk Strætó bs., fulltrúar hagsmunaaðila og verktakar skipa þjónustuhóp til að fylgjast með framkvæmd akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu.

Þjónustuhópurinn skal hittast á fjögurra mánaða fresti til að fara yfir framvindu þjónustunnar, árangur og hvað megi betur fara.

V. kafli

Málsmeðferð

Um málsmeðferð fer samkvæmt XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og stjórnáskilum nr. 37/1993.

14. gr.

Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um ferðaþjónustu fatlaðs fólks hefur borist. Sama á við ef þjónustumiðstöð berast upplýsingar um nauðsyn á ferðaþjónustu með öðrum hætti.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

15. gr.

Samvinna við umsækjanda

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og upplýsinga sem og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við persónulegan talsmann hans eða umboðsmann hans ef við á. Persónulegur

talsmaður skal leggja fram samkomulag við hinn fatlaða, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

16. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Ökumenn og aðrir starfsmenn ferðapjónustu fatlaðs fólks skulu skrifa undir yfirlýsingu um trúnað. Trúnaðarskylda helst þó að látið sé af starfi.

17. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna umsóknar um ferðapjónustu fatlaðs fólks.

18. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn viðkomandi þjónustumiðstöðvar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

Velferðarráð Reykjavíkurborgar hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og notandi fer fram á það með sérstakri beiðni til velferðarráðs Reykjavíkurborgar innan fjögurra vikna frá því notanda barst vitneskja um ákvörðun. Velferðarráð skal fjalla um umsóknina og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

19. gr.

Kynning á ákvörðun um ferðapjónustu fatlaðs fólks

Kynna skal niðurstöðu umsóknar um ferðapjónustu fatlaðs fólks fyrir umsækjanda með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal notandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða reglna þessara og/eða annarra reglna eða laga, eftir því sem við á.

Ákvörðun velferðarráðs skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

20. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi getur skotið ákvörðun velferðarráðs Reykjavíkurborgar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var kunngerð ákvörðun velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

21. gr.
Gildistaka

Reglur þessar eru settar með stoð í 55. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks og kveða þær á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. 35. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1991. Reglur þessar öðlast þegar gildi og falla eldri reglur um ferðaþjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík úr gildi.



Reykjavík, 23. janúar 2018
VEL2017030060
325. fundur
RÁ/hjb/sf/gsg

Lagt fyrir fund velferðarráðs 22. febrúar 2018

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Reglur Reykjavíkurborgar um ferðaþjónustu fatlaðs fólks

Forsaga:

Með bókun fulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna, Pírata og Framsóknar og flugvallarvina, á fundi velferðarráðs, dags. 16. mars 2017, var ítrekað mikilvægi þess að endurskoðun á reglum um ferðaþjónustu fatlaðs fólks yrði unnin í nánu samstarfi við þjónustuhópinn og drög send hagsmunasamtökum til umsagnar áður en endanleg ákvörðun yrði tekin um breytingar á reglum.

Greinargerð:

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar veitir ferðaþjónustu til fatlaðs fólks á grundvelli 35. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992. Núgildandi reglur Reykjavíkurborgar um ferðaþjónustu fatlaðs fólks voru samþykktar á fundi velferðarráðs þann 4. desember 2014 og á fundi borgarráðs þann 11. desember 2014. Reglurnar tóku gildi þann 1. janúar 2015.

Í samræmi við framangreinda bókun voru drög að breytingum á ákveðnum ákvæðum reglna um ferðaþjónustu fatlaðs fólks send til hagsmunasamtaka fatlaðs fólks og notendaráðs fatlaðs fólks og óskað eftir umsögnum. Margar athugasemdir bárust velferðarsviði Reykjavíkurborgar vegna reglnanna í heild og í kjölfar umsagna hagsmunasamtaka og notendaráðs var ákveðið að leggja til ýmsar breytingar á heildartexta reglnanna auk þess sem tilefni þótti til að samræma þær öðrum gildandi reglum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Flestar breytingar snúa því fyrst og fremst að uppsetningu reglnanna og orðalagi en ekki efni reglnanna.

Helstu efnisbreytingarnar á reglum um ferðaþjónustu fatlaðs fólks eru eftirfarandi:

- Lagt er til að einstaklingar sem eru orðnir 67 ára og eldri og eru sannarlega fatlaðir, þ.e. þar sem fötlun má ekki rekja til aldurstengdra skerðinga, geti átt rétt á ferðaþjónustu fatlaðs fólks að uppfylltum öðrum skilyrðum reglnanna. Ákvæðið tekur þó ekki til fatlaðra einstaklinga sem eiga rétt á niðurgreiddum akstri eða akstri samkvæmt öðrum lögum, reglum eða reglugerðum, t.d. til þeirra einstaklinga sem búa á hjúkrunarheimilum.

- Lagt er til að ákvæði 3. mgr. 5. gr. núgildandi reglna um ferðaþjónustu fatlaðs fólks verði felld brott. Í 3. mgr. 5. gr. núgildandi reglna um ferðaþjónustu fatlaðs fólks er kveðið á um hærra gjald fyrir allar ferðir umfram hámarksferðafjölda á mánuði. Framkvæmdin hefur ekki verið í samræmi við framangreint ákvæði og Strætó bs. á erfitt með að fylgja því eftir að leggja tvenns konar gjald á ferðir sama notanda. Því var samþykkt á fundi velferðarráðs þann 22. janúar 2015 breyting á gjaldskrá þar sem hærra gjald eftir 60 ferðir á mánuði var felld úr gildi. Reglum um ferðaþjónustu fatlaðs fólks var hins vegar ekki breytt við þá samþykkt þar sem gert var ráð fyrir að heildarendurskoðun á reglunum myndi eiga sér stað fljótlega. Er þessu því fylgt eftir hér með og lagt til að þetta ákvæði verði felld brott úr reglunum til samræmis við samþykkt velferðarráðs.
- Þá er lagt til að breytingar verði gerðar á 4. gr. núgildandi reglna, þar sem akstur á aðfangadag og gamlársgangur er ekki eins og á sunnudögum, heldur til kl. 17.00 báða dagana. Byggist það á nýlegri samþykkt samráðshóps sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem hefur m.a. með sameiginlega ferðaþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu að gera. Þá er einnig lögð til breyting á þjónustutíma ferðaþjónustu fatlaðs fólks þannig að þjónustutíminn lengist um eina klukkustund, þ.e. verði til kl. 01:00.
- Að lokum leggur velferðarráð til að eigi verður lengur um að ræða hámarksfjölda ferða eins og er í núgildandi reglum. Breytingin léttir á afgreiðslu þjónustumiðstöðva hvað varðar undanþágur frá reglum. Samkvæmt núgildandi reglum þarf að vísa beiðnum um undanþágur til áfrýjunarnefndar velferðarráðs Reykjavíkurborgar en í breytingunni felst að þjónustumiðstöðvum er falið að taka slíkar ákvarðanir.

Kostnaðarmat:

Einstaklingar 67 ára og eldri

Á síðasta ári voru 23 aldraðir einstaklingar með fötlun skráðir í málaskrá velferðarsviðs sem nýttu sér akstursþjónustu aldraðra. Lítil sem engin breyting hefur orðið í fjölda notenda á síðastliðnum árum en á árinu 2015 var um ræða 26 einstaklinga og 24 á árinu 2016. Meðalfjöldi ferða þessara einstaklinga í akstursþjónustu á síðasta ári var 81 ferð, eða tæpar 7 ferðir á mánuði.

Kostnaðarþátttaka hvers einstaklings í þjónustu sem færast úr akstursþjónustu aldraðra til ferðaþjónustu fatlaðs fólks lækkar úr 1.185 kr. í 230 kr. á ferð. Mismunur á kostnaðarhlutdeild velferðarsviðs í akstursþjónustu aldraðra og ferðaþjónustu fatlaðs fólks, samkvæmt nýrri gjaldskrá sem tók gildi þann 1. janúar 2018, nemur því 955 kr. fyrir hverja ferð. Þetta gæti því þýtt að ef allir fyrrgreindir einstaklingar flytja sig yfir í ferðaþjónustu fatlaðs fólks gæti kostnaður velferðarsviðs vegna breytinga á fyrirkomulagi aksturs þeirra orðið um 1,8 mkr. á ári.

Ekki er þó ljóst hvort fyrrgreindir einstaklingar muni eiga rétt á ferðaþjónustu fatlaðs fólks því ekki er búið að skera úr um það hvort fötlun þeirra gæti verið til komin af aldurstengdum þáttum en slíkt þarf að meta í hverju og einu tilviki.

Þá er ekki hægt að áætla hvort aðrir einstaklingar, sem eru fatlaðir og komnir yfir 67 ára aldur en eru nú án akstursþjónustu, muni sækja um ferðaþjónustu fatlaðs fólks.

Annar óvissuþáttur er hvort þeir fötluðu einstaklingar sem eru nú í akstursþjónustunni muni auka ferðafjölda sinn umfram það sem þeir fara núna, bæði vegna lægri kostnaðarhlutdeildar þeirra í ferðum sem og vegna aukinnar heimildar til að fara fleiri

ferðir samkvæmt reglum um ferðaþjónustu fatlaðs fólks. Hér gæti því verið um viðbótarkostnað að ræða sem er erfitt að meta hvort hann yrði og þá hversu mikill hann gæti orðið.

Framgreindir útreikningar eru því háðir ákveðinni óvissu þar sem óljóst er hversu margir myndu nýta sér þjónustuna.

Lenging þjónustutíma

Samkvæmt kostnaðarmati samráðshóps sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu gæti kostnaður við lengingu þjónustutíma numið um 2 mkr. Gert er ráð fyrir að hlutur Reykjavíkurborgar verði um 75% af þeirri upphæð eða 1,5 mkr. á ársgrundvelli.

Afnám hámarksfjölda ferða

Kostnaður við að afnema hámarksfjölda ferða gæti orðið um 13,8 mkr. á ári. Í því mati er gert ráð fyrir að um fjórðungur notenda ferðaþjónustu fatlaðs fólks muni nýta sér aukinn fjölda ferða.

Talsverð óvissa er um þetta kostnaðarmat en erfitt er að spá fyrir um hvort almenn aukning yrði í ferðum notenda þar sem notendur fá nú þegar í flestum tilvikum þær ferðir samþykktar sem þeir hafa þörf fyrir. Hingað til hafa þjónustumiðstöðvar getað heimilað allt að 80 ferðir í mánuði en beiðnir umfram 80 ferðir hafa verið afgreiddar í áfrýjunarnefnd. Ef miðað er við notkun á árinu 2017 er lítið hlutfall notenda með fleiri ferðir en núverandi hámark segir til um eða innan við 5%, þrátt fyrir að almennt hafi undanþága verið veitt frá gildandi reglum.

Fylgiskjöl:

1. Umsögn Geðhjálpár.
2. Umsögn notendaráðs fatlaðs fólks.
3. Umsögn Sjálfsbjargar.
4. Umsögn Þroskahjálpár.

Reykjavík, 10. apríl 2017

Sigurbjörg Fjölnisdóttir
Velferðarsvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar óskaði eftir umsögn um breytingar á reglum um ferðaþjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík með bréfi þann 24. mars síðastliðinn.

Landssamtökin Geðhjálp þakka velferðarsviði Reykjavíkurborgar fyrir að veita samtökunum tækifæri til að senda inn umsögn um fyrirhugaðar breytingar á reglum um ferðaþjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík.

Öryrkjar á grundvelli geðraskana eru ríflega 38,1% af öllum öryrkjum í landinu. Flestir þeirra nýta sér almenningssamgöngur og einkabifreiðar til að komast ferða sinna innan höfuðborgarsvæðisins. Afmarkaður hópur alvarlega fatlaðra einstaklinga notfærir sér þó ferðaþjónustu fatlaðra að hluta eða öllu leyti.

Geðhjálp telur flestar hinna boðuðu breytinga á ofangreindum reglum til bóta. Framfaraskref er stigið með þeirri breytingu að réttur til þjónustu falli ekki niður við 67 ára aldur. Flestum ætti að vera ljóst að fatlaður einstaklingur hættir ekki að takast á við hindranir í lífi sínu vegna fötlunar sinnar þótt að hann nái ellilífeyrisaldri.

Með sama hætti er eðlilegt að gera ráð fyrir því að einstaklingur geti fatlast og þurft á ferðaþjónustu að halda eftir að hafa náð 67 ára aldri. Geðhjálp fagnar því að gerð skuli tillaga um að notendur greiði ekki lengur hærra gjald fyrir ferðir umfram 60 á mánuði samkvæmt gjaldskrá.

Tillaga er gerð um breytingum á reglunum þess efnis að gildistími samþykktra umsókna sé að jafnaði tvö ár. Rétt er að taka fram með hliðsjón af því að nauðsynlegt er að viðkomandi sé látinn vita af því að umsókn hans sé að renna úr gildi áður en að því kemur.

Að lokum er lögð áhersla á að notendur þjónustunnar greiði lágmarksgjald fyrir þjónustuna og ekki ríki ósamræmi í gjaldtöku milli sveitarfélaga. Misræmi af því tagi stuðlar að mismunun og óöryggi meðal þjónustuþega.

Fyrir hönd landssamtakanna Geðhjálpar,

Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri

Reglur um ferðapjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík

Viðbót:

Í störfum sínum ber starfsfólki að fylgja mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og siðareglum starfsfólks Reykjavíkurborgar sem eru í gildi hverju sinni, ásamt því að fylgja eftir og viðhalda ákvæðum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

1. gr. Notendur þjónustunnar

Ferðapjónusta fatlaðs fólks þjónar þeim íbúum Reykjavíkurborgar sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki vegna fötlunar sinnar.

Umsækjandi um ferðapjónustu samkvæmt reglum þessum skal uppfylla eitt eða fleiri eftirfarandi skilyrða:

- 1) Er hreyfihamlaður og þarf að nota hjólastól. Miðað er við að hreyfihömlun hafi varað í þrjú mánuði eða lengur eða að um varanlega hreyfihömlun sé að ræða.)
- 2) Er blindur.
- 3) Er ófær um að nota almenningsfarartæki vegna annarrar langvarandi fötlunar.

Skilyrði fyrir veitingu ferðapjónustu samkvæmt reglum þessum er að fötlun umsækjenda falli að skilgreiningu 2. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum¹ og að umsækjandi eigi ekki rétt á niðurgreiddri akstursþjónustu frá öðrum aðilum eða rétt á akstri samkvæmt öðrum lögum, reglugerðum eða reglum. Skilyrði er að umsækjandi um ferðapjónustu samkvæmt reglum þessum eigi lögheimili í Reykjavík.

Þeir umsækjendur sem hafa fengið styrk til bifreiðakaupa frá Tryggingastofnun ríkisins og þeir sem njóta bensínstyrks skulu ekki njóta réttar til ferðapjónustu samkvæmt þessum reglum. Þó er heimilt að veita undanþágu frá framangreindu skilyrði vegna sérstakra aðstæðna s.s. færðar, tímabundinna veikinda eða bilunar á bifreið sem þeir hafa til umræða.

~~Reglur þessar taka ekki til þeirra sem eru eldri en 67 ára. Hafi fatlaður einstaklingur, sem orðinn er 67 ára, talist fnatlaður samkvæmt lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks og fengið ferðapjónustu fatlaðs fólks áður en hann náði þeim aldri á hann rétt á þeirri þjónustu áfram meðan þörf krefur að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum í reglum þessum. Einstaklingur sem náð hefur 67 ára aldri og sækir um þjónustu samkvæmt reglum þessum getur átt rétt á ferðapjónustu fatlaðs fólks ef sýnt þykir að fötlun hans stafi ekki af aldurstengdri skerðingu að mati velferðarsviðs að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum í reglum þessum (þessar athugasemdir eru frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar).~~

¹ 2. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks er svohljóðandi: „[Einstaklingur á rétt á þjónustu samkvæmt lögum þessum sé hann með andlega eða líkamlega fötlun og þarfnist sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum.]¹⁾ Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðingu. Enn fremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum, svo og slysum.“

Tillaga að nýjum texta

1. gr. Rétthafar þjónustu

Ferðapjónusta þessi er fyrir fatlað fólk með lögheimili í Reykjavík sem getur ekki nýtt sér almenningsgöngur og er rétthafar þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks (2. gr.) nr. 59/1992 með síðari breytingum².

Ferðapjónustan skal vera til jafns við akstursþjónustu almenningsvagna Strætó bs að gæðum og umfangi/notendavæn og taka mið af persónubundnum þörfum fatlaðs fólks.

Umsækjendur eiga rétt á þjónustunni þegar eftirfarandi forsendur eru til staðar:

- 1) Hreyfihömlun og/eða notar hjólastól
- 2) Blinda eða alvarleg sjónskerðing
- 3) Ekki möguleiki á að nýta aðrar samgönguleiðir vegna fötlunar

Fatlað fólk, 67 ára og eldra, á rétt á ferðapjónustu fatlaðs fólks meðan þörf krefur.

Umræðupunktur vegna 1.gr.

- Skv. gildandi reglum þarf hreyfihömlun að hafa varað í þrjú mánuði eða lengur eða að um sé að ræða varanlega hreyfihömlun. Lagt er til að þessi hluti sé tekinn út og þar sem þarna verður líklegt rof á þjónustu í upphafi bataferlis.

Finnst okkur gagnrýnivert að ekki sé hægt að sækja um ferðapjónustu jafnvel þó að þörfin hafi verið til staðar í 90 daga eða lengur (veikindi/slys). Sérstaklega í ljósi þess að engin sambærileg þjónusta er tiltæk.

- Mikilvægt er að ferðapjónusta sé til staðar í veikinda- og slysatilvikum þar sem ferðapjónustan er mikilvægur þáttur í bataferli.
- Þjónustan þarf að vera til staðar þegar þörf er fyrir hana. Aðstæður fólks geta breyst skyndilega til dæmis getur hjólastóll bilað.
- Mikilvægt að aðeins sé greitt fyrir ferð fram og til baka. Eins og staðan er núna greiðir fatlað fólk fyrir hverja einustu ferð.
- Stundum þegar við lesum reglur um ferðapjónustuna þá upplifum við að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks til ferðapjónustu liggja ekki til grundvallar þeim og jafnvel að gengið sé út frá misnotkun á henni .

² 2. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks er svohljóðandi: „[Einstaklingur á rétt á þjónustu samkvæmt lögum þessum sé hann með andlega eða líkamlega fötlun og þarfnist sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum.]¹⁾ Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðingu. Enn fremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum, svo og slysum.“

- Hámark í reglum þessum gerir það að verkum að líklegt rof verður á þjónustu þegar því er náð. Sé hámark á þjónustunni er verið að takmarka samfélagsþátttöku fatlaðs fólks og auka líkur á einangrun sem gæti falið í sér þróun ýmissa hliðarraskana sem leitt geta til þess að fólk þurfi aðstoð frá heilbrigðiskerfinu.
- Við teljum eðlilegt að ferðapjónustan sé tiltæk lengur en þjónusta almenningsvagna. „Almenningur“ hefur tök á því að nýta sér aðrar leiðir utan þjónustutíma sem fatlað fólk getur að öllu jöfnu ekki. Ekki er til dæmis tryggt að alltaf sé tiltækur bíl hjá leigubílastöðvum sem tekur fólk í hjólastólum.
- Sú regla að fatlað fólk sem hefur fengið styrk til bifreiðakaupa eða fær bensínstyrk geti ekki nýtt sér ferðapjónustu er klárlega mismunun og í mótsögn við samning SP um réttindi fatlaðs fólks. Styrkveitingar sama hvaðan þær koma hafa ekki áhrif á þjónustþörfina né eiga þau að rýra réttinn til þeirrar þjónustu sem Strætó veitir.

Dæmi eru um að fólk hafi keypt sér bíl með eða án styrks og getur síðan ekki fengið bensínstyrk vegna þess að það þarf að nota ferðapjónustu í ákveðnum tilvikum eins og til og frá vinnustað/dagþjónustu. Ástæðan fyrir því að þurfa að nota ferðapjónustu í þeim tilvikum er sú að viðkomandi getur ekki ekið bíl sínum sjálfur og fær ekki aðstoðarmann til þess í áður nefndar fastar ferðir. Sá hinn sami notar alltaf sinn eigin bíl í allar aðrar ferðir og hefur þá aðstoðarmann. Þetta getur ekki talist sanngjarnt! Þarna verður takmörkuð aðstoð hjá stuðningsþjónustunni til þess að fólk missir af fjárhagsstuðningi sem þeir fá sem geta keyrt eigin bíl.

- Í framsetningu á núgildandi reglum virðist gert ráð fyrir því að fólk misnoti ferðapjónustu. Okkar reynsla er sú að engan langar til að nota ferðapjónutuna nema hann nauðsynlega þurfi þess. Sá sem hefur bíl tiltækan og bílstjóra, keyri hann ekki sjálfur óskar sannarlega ekki eftir ferðapjónustu þar sem oft þarf að bíða lengi og fara mun lengri vegalegnd. Ófatlaðir geta prófað að máta sig inn í þessar aðstæður og fundið út hvað þeir mundu sjálfir velja.
- Forsendur þjónustunnar í reglum þessum virðast vera sniðnar að rekstrarþörfum ferðapjónustunnar og virkar beinlínis sem hindrun gagnvart fötluðu fólki. Oft virðist vera sem að reglurnar feli í sér undanþágu ferðapjónustunnar til að uppfylla þær skuldbindingar sem ákvæði í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks fela í sér.
- Okkur þykir ör skipti á bílstjórum vísbending um að þörf sé á gagnrýnni innri skoðun á helstu þáttum þjónustunnar. *Aldrei sami bílstjóri og alltaf nýir og nýir bílstjórar að hefja störf.*
- Rætt var að Ferðapjónusta Strætó bs. sé of stórt battterí. Of stór hópur undir sama hatti.

2. gr. Ferðþjónusta fyrir fötluð börn

Forráðamenn barna geta sótt um akstur samkvæmt reglum þessum fyrir börn t.d. vegna tómsstunda, læknisferða, sjúkraþjálfunar eða til að rjúfa félagslega einangrun. Börn yngri en sex ára skulu ávallt vera í fylgd fullorðins einstaklings þegar ferðast er með ferðþjónustu fatlaðs fólks. Þurfi barn bílstól er það á ábyrgð foreldra að útvega hann.

Reglur þessar taka ekki til skólaaksturs barna í grunnskóla. ? Með skólaakstri er átt við allan akstur á skólatíma, þ.m.t. á þeim tíma sem barn dvelst í lengdri viðveru á vegum skólans.

Tillaga að nýjum texta

2. gr. Ferðþjónusta fyrir börn

Forsjáradilar sækja um akstursþjónustu fyrir börn. Börn yngri en sex ára eiga ávallt að vera í fylgd fullorðinna. Þurfi barn bílstól er það á ábyrgð foreldra að útvega hann.

Ferðþjónustan skal þó ávallt sjá til þess að bílstólar séu tiltækir í undantekningartilvikum eins og þegar bílstóll barns hefur bilað.

Reglur þessar taka ekki til skólaaksturs barna í grunnskóla.

Umræðupunktur vegna 2. greinar:

- Hér þarf ekki að tala um fötluð börn, þar sem þjónustan er ætluð fyrir fatlað fólk.
- Við leggjum mikla áherslu á að aðstoð í ferðþjónustubíl skuli ávallt vera til staðar fyrir börn sem og fullorðna. Dæmi eru um að fólk fái krampa í bíl og bílstjóri getur ekki stoppað til að sinna viðkomandi.
- Ferðþjónustan þarf að vera „backup“ og koma inn í öllum þeim tilvikum þar sem barn getur ekki fengið þjónustu frá skólabíl. T.d. þegar barn þarf akstur frá heimili sínu í skammtímavistun á starfsdegi kennara eða frídögum í skóla.

3. gr. Umsóknir og gildistími

Umsókn um ferðþjónustu fatlaðs fólks skal senda til þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar í hverfi umsóknaraðila. Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um fyrir sína hönd.

Umsókn um undanþágu frá 4. mgr. 1. gr. vegna sérstakra aðstæðna, s.s. færðar, tímabundinna veikinda eða bilunar á bifreið sem notandi hefur til umráða skal senda til þjónustumiðstöðvar

Reykjavíkur í hverfi umsækjanda. Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um fyrir sína hönd.

Þjónustumiðstöðvum er heimilt að óska eftir læknisvottorði þegar þörf er á nánari upplýsingum um fötlun umsækjanda.

Umsókn skal metin á grundvelli möguleika umsækjanda til að nýta sér þjónustu almenningsvagna og/eða aðra ferðamöguleika.

Gildistími samþykkrar umsóknar skal taka mið af þörf hvers og eins.

Umsækjanda ber að upplýsa þjónustumiðstöð um breytingar á högum sínum. Ef um er að ræða verulegar breytingar á högum umsóknaraðila eftir að umsókn hefur verið samþykkt er þjónustumiðstöð heimilt að endurskoða gildistíma samþykkis fyrir ferðapjónustu.

Tillaga að nýjum texta

3.gr.

Ráðgjöf, umsóknir og gildistími

Ráðgjöf og upplýsingar varðandi þjónustu þessa eru veittar af hálfu þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar í því hverfi þar sem viðkomandi á lögheimili. Ráðgjafar þjónustumiðstöðva skulu bjóða umsækjendum haldgóða ráðgjöf, skýrar upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi þeirra.

Þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar í hverfi umsækjenda taka á móti umsóknum um ferðapjónustu. Umsækjendur geta veitt öðrum, að eigin vali, skriflegt umboð til að sækja um fyrir sína hönd.

Fólk sem hefur kost á að nýta einnig eigin bifreið en getur það af einhverjum ástæðum ekki tímabundið skal eiga greiðan aðgang að ferðapjónustu og vera á skrá sem réttthafi þjónustu með gilda umsókn.

Þjónustumiðstöðvum er einungis heimilt að óska eftir læknisvottorði hjá umsækjendum þegar og ef þörf er á nánari upplýsingum um fötlun þeirra. Þjónustumiðstöð þarf alltaf skriflegt samþykki umsækjenda eða umboðsmanna þeirra fyrir því að sækja persónuupplýsingar.

Sé óskað eftir upplýsingum um umsækjendur skal tryggt að vel sé upplýst um tilgang og ástæður þess. Umsækjendur geta óskað eftir frekari upplýsingajöf áður en samþykki er veitt.

Gildistími samþykkrar umsóknar skal taka mið af þörfum hvers og eins og verður hún í gildi nema augljóst sé í upphafi þjónustu að viðkomandi þurfi aðeins tímabundna þjónustu.

Æskilegt er að umsækjendur upplýsi þjónustumiðstöð um ef verulegar breytingar verða á högum þeirra hvað varðar þarfir fyrir ferðapjónustu. Þjónustumiðstöð getur þá í samráði við notendur endurskoðað gildistíma umsóknar.

Umræðupunktur vegna 3.gr.

- Forsenda synjunar á umsókn getur aldrei verið vegna ófullnægjandi upplýsinga. Vöntun á þeim sömu upplýsingum útilokar möguleika á synjun þar sem að ekki eru öll gögn til staðar til fullnægjandi rökstuðnings hennar.
- Rætt var um mikilvægi þess að létta ábyrgð af réttihafa í umsóknarferli með því að frumkvæði komi frá þjónustuaðilum er varðar upplýsingar eða gögn sem vantar með umsókn. Mikilvægt er að ferlið sé opið og aðgengilegt og teljum við að slíkt sé til hagsbóta fyrir alla aðila.
- Strætó bs hefur hag af því að hafa gildandi umsókn fyrir fatlað fólk sem notar þjónustuna ekki reglulega. Í þessu felst einnig hagræðing sem skilar sér til velferðarsviðs þ.e. eykur skilvirkni og léttir á úrvinnsluferli nýrra umsókna.

Stórt hlutfall nýrra umsókna breytist því í staðfestingu á umsókn sem þegar hefur verið afgreidd og samþykkt. Í núverandi fyrirkomulagi er þetta ferli endurtekning á sömu vinnubrögðum.

Hafi umsókn verið afgreidd og samþykkt ætti ekki að þurfa að vinna hana aftur nema forsendur umsækjanda hafi breyst og þörf sé á endurmati.

- Mikilvægt er að þegar búið er að samþykkja umsókn vegna hreyfihömlunar eða annarrar fötlunar þá sé hún varanleg. Sé hreyfihömlun eða önnur fötlun tímabundin þarf að vera hægt að vinna málin frá þeirri forsendu.
- Bent er á rétt fatlaðs fólks til ferðapjónustu, þurfi þeir á henni að halda. Þessi réttur sé skilyrðislaus og óháður því hvort aðilar geti undir ákveðnum aðstæðum nýtt sér þjónustu almenningsvagna og/eða aðra ferðamöguleika.
- Réttinda- og upplýsingagátt.
- Auðlesinn texti og aðgengilegur.
- Notendur eru réttihafar og þeir séu skilgreindir sem slíkir um leið og umsóknarferli hefst.

Umsækjandi sækir um þjónustu vegna þess að hann getur ekki nýtt sér almenningsvagna. Réttur fatlaðs umsækjanda til þjónustunnar er skýr og koma allar mikilvægar upplýsingar fram í umsókn. Því er mikilvægt að ganga út frá því að umsókn sé samþykkt fremur en hafnað.

4. gr. Þjónustutími

Þjónustutími ferðarþjónustu fatlaðs fólks miðast við þjónustutíma almenningsvagna Strætó bs. Miðað er við að ferðir hefjist innan þjónustutíma.

Akstur á stórhátíðardögum er með sama hætti og á sunnudögum.

Tillaga að nýjum texta

4.gr.

Hvenær þjónustan er veitt

Þjónustutími ferðarþjónustu fatlaðs fólks og almenningsvagna Strætó bs er sá sami. Akstur á stórhátíðardögum er með sama hætti og á sunnudögum.

Tryggja skal að ekki verði rof á þjónustu eða henni breytt til óhagræðis fyrir notendur vegna forfalla, veikinda eða sumarleyfa starfsfólks.

Umræðupunktur vegna 4. gr.

- Verði seinkun á þjónustunni er mjög mikilvægt að farþegi sé látinn vita, ásamt skýringu á því hvað valdi henni. Einnig er nauðsynlegt að farþegi fái upplýsingar um hvenær megi búast við að ferð geti hafist. Notendur almenningssamgangna þurfa að öllu jöfnu ekki að hafa áhyggjur af slíkum málum.
- Upplýsingar um opnunartíma ferðarþjónustu þurfa að vera skýrar og aðgengilegar.

5. gr. Réttur til þjónustu

Ferðir til vinnu, skóla, lækninga og hæfingar ganga fyrir öðrum ferðum. Viðmið um ferðafjölda skulu taka mið af þörfum hvers og eins.

Fjöldi ferða í heild, þ.e. til vinnu, skóla, lækninga, hæfingar og einkaerinda skal ekki fara yfir 60 ferðir á mánuði.

Þjónustumiðstöðvum er þó heimilt að veita fleiri ferðir til þeirra notenda sem eru, auk þess að stunda vinnu eða skóla, í mikilli virkni, s.s. íþróttum eða skipulögðu félagsstarfi. Um er að ræða að hámarki 20 ferðir og getur því hámark ferða aldrei farið umfram 80 ferðir á mánuði.
~~Notandi skal greiða hærra gjald fyrir ferðir umfram 60 á mánuði samkvæmt gjaldskrá.~~

Tillaga að nýjum texta

5.gr. Réttur til þjónustu

Möguleikar fólks til fjölda ferða eru þeir sömu og hjá öðrum sem nota almenningsvagna Strætó bs. Koma skal til móts við þarfir og óskir hvers og eins.

Umræðupunktur vegna 5. gr.

- Jafnræðisregla stjórnarskrárinnar = ekki má mismuna fólki. Með takmörkun á ferðafjölda er verið að hindra ferðafrelsi og felur það í sér frekari aðgreiningu á þátttöku í samfélaginu.

6. gr. Pantanir/afpantanir

Notendur skrá pantanir á netinu eða gegnum síma þjónustuvers Strætó bs. Tekið er á móti pöntunum alla daga á opnunartíma þjónustuvers. Eigi er unnt að tryggja að hægt sé að veita þjónustu til einstaklinga nema pantað sé með a.m.k. tveggja klukkustunda fyrirvara, þó reynt sé að bregðast við pöntunum eins fljótt og auðið er.

Notendur skulu gefa upplýsingar um fastar ferðir vegna t.d. vinnu, skóla eða hæfingar til að þjónustuaðilar geti leitað hagræðis við skipulagningu ferða.

Eigi er unnt að tryggja að unnt sé að veita þjónustu vegna hópferða nema þær séu pantaðar með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara. Hópur telst vera ~~fimm fjórir~~ einstaklingar eða fleiri en hver einstaklingur greiðir eftir sem áður fyrir sig.

Afpöntun reglubundinna ferða skal vera með sem lengstum fyrirvara, helst deginum áður, en í undantekningartilvikum með tveggja klukkustunda fyrirvara fyrir fyrirhugaða ferð. Að öðrum kosti telst ferðin með í uppgjöri.

Tillaga að nýjum texta

6.gr. Pantanir/afpantanir

Farþegar panta ferð á netinu eða í gegnum síma þjónustuvers Strætó bs. Tekið er á móti pöntunum fyrir fastar ferðir alla daga þegar þjónustuverið er opið. Ekki er unnt að tryggja ferð nema pantað sé með einnar klukkustundar fyrirvara. Þjónustuaðilar skulu ávallt láta vita ef pöntun misferst eða telst af einhverjum ástæðum ekki fullnægjandi.

Farþegar gefi upplýsingar um fastar ferðir vegna t.d. vinnu, skóla eða hæfingar til að þjónustuaðilar geti leitað hagræðis við skipulagningu ferða.

Sé metið svo að upplýsingar séu ekki fullnægjandi skulu þjónustuaðilar hafa frumkvæði að því að hafa samband við viðkomandi til að fá þær upplýsingar sem þarf svo tryggt sé að ekki verði rof á þjónustu.

Ekki er hægt að tryggja hópferðir nema sótt sé um með að minnsta kosti eins sólarhrings fyrirvara. Hópur telst vera fimm manns eða fleiri og greiðir hver fyrir sig eftir sem áður. Ekki er tekið gjald fyrir persónulegt aðstoðarfólk eða aðra stuðningsaðila.

Afpöntun reglubundinna ferða skal vera með sem lengstum fyrirvara, helst deginum áður, en í undantekningartilvikum með einnar klukkustundar fyrirvara fyrir fyrirhugaða ferð.

Umræðupunktur vegna 6. gr.

- Varðandi afpantanir ferða og að gjald sé tekið ef ferð er ekki afpöntuð með tveggja tíma fyrirvara: Margir eiga afpöntun ferða undir aðstoðarfólki komið. Ekki réttlátt að það bitni á notendum þjónustu ef starfsfólk gleymir að afpanta. Í þeim tilvikum er mikilvægt að ekki verði kostnaðaraukning/fjárhagstjón vegna þess. Gjaldtaka verði þá bakfærð, endurgreidd eða í formi inneignar.

Veikindi sem koma í ljós að morgni er ekki hægt að tilkynna fyrir en eftir að þjónustuver opnar kl. 7 og með tveggja klukkustundareglunni mun því alltaf þurfa að greiða fyrir ferð sem pöntuð er kl. 8. Fólk sem ferðast með Strætó þarf ekki að greiða fyrir ferðir sem ekki eru farnar, ætti að gilda sama hér.

Dæmi um að beiðni um ferð á laugardegi sem send var í tölvupósti á fimmtudegi komst ekki til skila fyrir en eftir helgina.

- Dæmi er um að ferðatíma hafi verið breytt án samráðs við notanda.

7. gr. Tilhögun ferða

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur frá A til B innan höfuðborgarsvæðisins.

Notendur skulu vera tilbúnir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma. Biðtími fyrir notendur skal að jafnaði ekki fara yfir tíu mínútur frá umsömdum tíma. Við sérstakar aðstæður skal veita notanda aðstoð við að komast frá brottfararstað í bílinn.

Ekki er beðið á meðan notandi sinnir erindi sínu.

Miða skal við að ferðatími milli staða sé svipaður og hjá almenningsvögnum. Ferðatími notanda skal ekki vera lengri en 60 mínútur í senn. Notendur þurfa þó að vera viðbúnir töfum eða breytingum á áætlun s.s. vegna færðar og umferðartafa á annatímum.

Ferðapjónustan er sérhæfð þjónusta og byggist á samnýtingu ökutækja þannig að fleiri en einn notandi ferðast að jafnaði saman.

Bílstjórum er ekki heimilt að sinna sendiferðum fyrir notendur. Notanda sem ekið er til læknis er heimilt að hringja eftir akstri til baka að viðtali loknu enda hafi það ekki verið vitað fyrirfram hve viðtalið tæki langan tíma.

Tillaga að nýjum texta

7.gr.

Fyrirkomulag ferða

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur frá einum stað á annan á þeim svæðum sem almenningsvagnar Strætó bs ganga (á höfuðborgarsvæði og utan þess). Farþegar geta farið fleiri en eina ferð á einu fargjaldi til samræmis við það sem gildir hjá almenningsvögnum Strætó.

Farþegar þurfa að vera tilbúnir til brottfarar á umsömdum tíma. Séu tafir á komutíma ber Strætó bs að sjá til þess að farþegar séu látnir vita af töf um leið og ljóst er að svo verði.

Verði töf á ferð sem fyrirhuguð er á fastsettum tíma t.d. hjá lækni eða öðrum þjónustuaðilum sem verður til þess að farþegar missa af tímanum og þurfa að greiða komugjaldið engu að síður skal ferðapjónustan bera þann kostnað. Auk þess skulu farþegar ekki greiða fyrir ferðir sem skráðar voru í þeim tilvikum og ferðirnar afskráðar.

Biðtími farþega skal ekki fara yfir tíu mínútur frá umsömdum tíma. Sama gildir um biðtíma bílstjóra.

Að jafnaði er ekki beðið á meðan farþegi sinnir erindi sínu. Gert er þó ráð fyrir ákveðnum sveigjanleika, þannig að farþegi geti tekið sama bíl fram og til baka sé um að ræða fljótafgreidd erindi. Hægt verði að panta slíkar ferðir.

Ferðatími ferðapjónustunnar og almenningsvagna Strætó bs á milli staða skal vera sá sami. Tafir vegna færðar og umferðarþunga á annatímum skulu ekki vera meiri en það sem gerist hjá almenningsvögnum.

Tryggt skal að farþegar fái þá aðstoð sem þeir þurfa við að komast í og úr bíl og að og frá heimili sínu.

Ferðapjónustan byggir á samnýtingu ökutækja á sama hátt og aðrar almenningssamgöngur þannig að fleiri en einn farþegi ferðast að jafnaði saman.

Bílstjórar skulu að jafnaði ekki sinna sendiferðum fyrir notendur. Farþegum sem ekið er til læknis er heimilt að hringja eftir akstri til baka að viðtali loknu og fá þá sendan bíl. Fylgt verði þeirri meginreglu að farþegar fái sama bílstjóra til baka.

Umræðupunktur vegna 7. gr.

- Mjög mikilvægt að láta fólk vita um tafir þar sem það mun takmarka líkur á að farþegar þurfi að bíða úti í hvaða veðri sem er. Mörg dæmi eru um að fólk þurfi að bíða í langan tíma og að ekki sé látið vita um seinkun.
- Tilvitnun í notendaupplifun:
„Stundum er ekki brugðist hratt við. Þurfum að liggja í símanum upp í 20 mín.“
„Seinkun er algeng um helgar, dæmi um að bíll eigi að vera á tveimur stöðum á sama tíma“

Dæmi um að farþegi hafi þurft að bíða í 15 mínútur úti eftir því að komast í samband við þjónustuver vegna fámennis í þjónustuveri. Mikilvægt að fjölga starfsfólki þar. Um helgar er t.d. bara einn starfsmaður frá 14-24.

- Hér þarf ekki að tala um „sérstaka aðstoð“ eða „sérstakar aðstæður“. Augljóst má vera að hana þurfi í mörgum tilvikum.
- Bílafloiti/tækjakostur og fjöldi stöðugilda þarf að vera í samræmi við umfang þjónustu og fjölda notenda.
- Eðlilegt væri að hagræða fyrirkomulagi ferða með það að markmiði að efla samnýtingu ökutækja. Til dæmis ef pöntuð ferð er innan sama hverfis þá sé sú ferð kláruð áður farið er úr hverfinu. Það væri líklegt til að minnka álag, lækka rekstarkostnað og á sama tíma auka gæði þjónustunnar og stórlega bæta upplifun notenda og ímynd ferðaþjónustu fatlaðra.
- Farþegar vita aldrei fyrir vísu hversu löng ferðin verður. Gamla kerfið veitti betri þjónustu hvað þetta varðar.
- Rætt um alvarlegar brotalamir í nýju þjónustukerfi Strætó bs. Sem verði að ráða bót á.
- Mjög mikilvægt að sami bílstjóri sé sem oftast í föstum ferðum.

8. gr.

Tímabundið samþykki

Þegar notendur ferðaþjónustu fatlaðs fólks dvelja tímabundið utan þjónustusvæðis ferðaþjónustunnar og óska eftir ferðaþjónustu þar sem þeir eru staddir, er það heimilt ef fyrirbyggjandi er samþykkt um ferðaþjónustu. Samþykkt skal vera tímabundin, að hámarki í þrjú mánuði.

Íbúar annarra sveitarfélaga en Reykjavíkurborgar sem óska eftir ferðaþjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík vegna tímabundinnar dvalar þar geta sótt um að fá ferðaþjónustu fatlaðs fólks á þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar að því tilskilyldu að þeir hafi samþykkt fyrir henni í lögheimilissveitarfélagi og viðkomandi sveitarfélag greiði kostnað við ferðir.

Tillaga að nýjum texta

8. gr.

Tímabundið samþykki

Þegar notendur ferðapjónustu fatlaðs fólks dvelja tímabundið utan þjónustusvæðis ferðapjónustunnar og óska eftir ferðapjónustu þar sem þeir eru staddir, er það heimilt ef fyrirbyggjandi er samþykkt um ferðapjónustu. Samþykkt skal vera tímabundin, á meðan farþegi hefur þörf fyrir þjónustuna.

Íbúar annarra sveitarfélaga en Reykjavíkurborgar sem óska eftir ferðapjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík vegna tímabundinnar dvalar þar geta sótt um að nýta sér ferðapjónustu fatlaðs fólks á þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar að því tilskyldu að þeir hafi samþykkt fyrir henni í lögheimilissveitarfélagi og viðkomandi sveitarfélag greiði kostnað við ferðir.

9. gr.

Aðrir farþegar og aðstoðarmenn

Notanda er heimilt að hafa með sér einn farþega og greiðir notandinn þá sama gjald fyrir hann.

Börn undir sex ára aldri í fylgd með fötluðum foreldrum greiða ekkert gjald.

Fyrir fylgdarmann fatlaðs barns sem er yngra en sex ára er ekki greitt fargjald.

Geti notandi ekki ferðast einn að mati þjónustumiðstöðvar skal aðstoðarmaður fylgja honum. Fyrir aðstoðarmenn er ekki greitt fargjald.

Tillaga að nýjum texta

9. gr.

Aðstoðarfólk

Ekki er greitt sérstaklega fyrir persónulegt aðstoðarfólk eða aðra stuðningsaðila.

Börn undir sex ára aldri í fylgd með fötluðum foreldrum greiða ekkert gjald.

Umræðupunktur vegna 9. gr.

- Rætt um breytingar sem hafa orðið með nýja kerfinu sem snúa að greiðslu fyrir fylgdarmenn. Þurfti aldrei að greiða fyrir þá áður. Því var lofað að fólk missti ekki réttindi við breytingu á kerfi – nýja kerfið átti að verða betra, ekki verra!

10. gr.
Gjald og þjónustusvæði

Gjald fyrir hverja ferð skal miðast við gjaldskrá velferðarsviðs um ferðaþjónustu fatlaðs fólks.

Þjónustusvæði ferðaþjónustunnar er Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Reykjavík, Seltjarnarnes og Mosfellsbær.

Tillaga að nýjum texta

10. gr.
Gjald og þjónustusvæði

Gjald miðast við gjaldskrá velferðarsviðs um ferðaþjónustu fatlaðs fólks og skal það aldrei vera hærra en hjá almenningsvögnum Strætó bs.

Þjónustusvæði ferðaþjónustunnar er það sama og hjá Strætó bs og nær því einnig til landsbyggðarinnar.

Umræðupunktur vegna 10. gr.

- Það er mismunur að fatlað fólk hafi ekki aðgang að hliðstæðri þjónustu og þeir sm nota almenningsvagna. Strætó gengur út á land en í þessum reglum er þjónusta ferðaþjónustunnar niðurnjörvuð við höfuðborgarsvæðið. Þeir íbúar Reykjavíkur sem treysta á ferðaþjónustu fatlaðs fólks til þess að komast leiðar sinnar eru fastir á höfuðborgarsvæðinu nema þeir geti lagt út stórar fjárhæðir.

Dæmi: Kostnaður farþega vegna ferða með leigubíl frá Reykjavík til Borgarness gæti orðið frá 70-90.000 báðar leiðir. Viðburðir sem fatlað fólk gætu farið á mis við vegna kostnaðar er t.d. afmæli, skírn, jarðarför, útskrift, ættarmót, heimsóknir, áhugamál, íþróttakappleikir og atvinna.

11. gr.
Öryggi

Ökutæki, ökumenn og aðrir starfsmenn sem koma að ferðaþjónustu fatlaðs fólks skulu uppfylla ákvæði gildandi laga og reglugerða um starfsemina auk þess sem hafa ber hliðsjón af leiðbeiningum velferðarráðuneytisins fyrir sveitarfélög um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk frá 24. janúar 2012.

Ökumaður sem sinnir ferðaþjónustu fatlaðs fólks skal hafa aukin ökuréttindi og hafa sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru ætluð bifreiðastjórum fólksflutningabíla.

Ökumaður skal jafnframt reglulega sitja námskeið um þjónustu við fatlað fólk með það að markmiði að vera vel undirbúinn fyrir það verkefni að sinna ólíkum notendum og til að auka skilning og hæfni hans í þjónustunni.

Óheimilt er að ráða starfsmann til aksturs eða annarrar ferðapjónustu sem hlotið hefur refsisdóm fyrir brot á ákvæðum XXII., XXIII. eða XXIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum. Hafi ökumaður gerst sekur um brot á ákvæðum laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og/eða umferðarlögum nr. 50/1987, með síðari breytingum, skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna starfi ökumanns.

Við ráðningu ökumanns skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild veitt af hans hálfu til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

Tillaga að nýjum texta

11. gr. Öryggi

Hér á eftir er frumtexti óbreyttur fyrir utan eftirfarandi viðbót í vínrauðum lit.

Ökutæki, **bílstjórar** og aðrir starfsmenn sem koma að ferðapjónustu fatlaðs fólks skulu uppfylla ákvæði gildandi laga og reglugerða um starfsemina auk þess sem hafa ber hliðsjón af leiðbeiningum velferðarráðuneytisins fyrir sveitarfélög um ferðapjónustu fyrir fatlað fólk frá 24. janúar 2012.

Bílstjórar sem sinna ferðapjónustu fatlaðs fólks skulu hafa aukin ökuréttindi og hafa sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru ætluð bifreiðastjórum fólksflutningabíla.

Bílstjórar og annað starfsfólk skal hafa staðgóða þekkingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og öðrum þeim lögum og reglugerðum sem snúa að réttindum fatlaðs fólks. Þau skulu einnig hafa þekkingu á mismunandi áskorunum sem fólk stendur frammi fyrir og því hvernig best er að aðstoða hvern og einn. Þau skulu tileinka sér þá framkomu og vinnulag sem gerð er krafa um í fyrrnefndum samningi og lögum.

Bílstjórar og annað starfsfólk skal reglulega sitja námskeið og aðra fræðslu um fyrrgreind atriði er varða þjónustu við fatlað fólk með það að markmiði að vera vel undirbúið fyrir það verkefni að sinna ólíkum notendum og til að auka skilning, **færni** og hæfni þeirra í þjónustunni.

Óheimilt er að ráða starfsmann til aksturs eða annarrar ferðapjónustu sem hlotið hefur refsisdóm fyrir brot á ákvæðum XXII., XXIII. eða XXIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum. Hafi ökumaður gerst sekur um brot á ákvæðum laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og/eða umferðarlögum nr. 50/1987, með síðari breytingum, skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna starfi ökumanns.

Við ráðningu ökumanns skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild veitt af hans hálfu til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

Umræðupunktur vegna 11. gr.

- Hjólastóll er farartæki með bilanatíðni í samræmi við mikla og stöðuga notkun. Ef stóll bílar í bílnum geta farþegar ekki farið úr bílnum og þurfa að sitja í bílnum allan túrinn.
- Skynsemisreglan að það sé pláss fyrir óvænt atvik og verði sem minnst truflun á þjónustunni.
- Rætt um mikilvægi þess að bílstjórar geti haft beint samband við Neyðarlínu en ekki eins og það er núna þar sem þeir verða að hafa samband við þjónustuverið áður. Tryggja þarf að neyðarhnappur, ásamt síma, sé í öllum bílum. Lagt er til að Strætó bs úthluti öllum bílstjórum og öðru starfsfólki í þjónustubifreiðum símtækjum.
- Notendur bentu á að ef ekki er þegar fyrir hendi viðbragðsáætlun er varða öryggisþætti í ferðaþjónustubílum er eðlilegt að því verði komið á.
- Rætt var um að bílstjórar tali og skilji íslensku. Í þjónustuveri og í þjónustubifreiðum verði til staðar starfsfólk með góð tök á tungumálinu sem gæti tekið við samtali ef upp koma tungumálaörðugleikar í neyðartilvikum. Með því teljum við að verið sé að tryggja öryggi sem best fyrir farþega og starfsfólk.
- Rætt var um meðal notenda hvað það skiptir miklu máli fyrir farþega ferðaþjónustunnar að finna fyrir virðingu, jákvæðu viðmóti og kurteisi bílstjóra.

12. gr.

Samráð

Fulltrúar samráðshóps félagsmálastjóra sveitarfélaga sem tilheyra þjónustusvæði ferðaþjónustunnar, þ.e. Hafnarfirði, Garðabæ, Reykjavík, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ auk Strætó bs., fulltrúar hagsmunaaðila og verktakar skipa þjónustuhóp til að fylgjast með framkvæmd akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu.

Þjónustuhópurinn skal hittast á fjögurra mánaða fresti til að fara yfir framvindu þjónustunnar, árangur og hvað megi betur fara.

Tillaga að nýjum texta 12. gr.

Samráð og endurgjöf

Fulltrúar samráðshóps notenda, hagsmunaaðila, félagsmálastjóra sveitarfélaga sem tilheyra þjónustusvæði ferðaþjónustunnar, þ.e. Hafnarfirði, Garðabæ, Reykjavík, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ auk Strætó bs. og verktaka skipa þjónustuhóp til að fylgjast með framkvæmd akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu.

Þjónustuhópurinn skal hittast á fjögurra mánaða fresti til að fara yfir framvindu þjónustunnar - hvernig þjónustan hefur komið út fyrir notendur og hvort og/eða hvernig tekist hefur að laga annmarka sem komið hafa í ljós.

Umræðupunktur vegna 12. gr.

- Lagt er til að úrvinnsla á endurgjöf/ábendingum notenda fari fram á einum stað þannig að ekki sé misræmi á milli hverfastöðva og úrvinnslan nýtist fyrir þjónustuna í heild.

13. gr. Málsmeðferð

Um málsmeðferð fer skv. XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og stjórnarsýslulögum nr. 37/1993.

13.gr. Óbreytt fyrir utan vinnraðan texta

Umræðupunktur vegna 13. gr.

- Margir eru nú óvanir rómverskum tölum því er betra að hafa venjulegar tölur. Í þessu tilviki þar sem um gildandi lög er að ræða þá hægt að setja venjulegu töluna í sviga fyrir aftan.
- Mikilvægt að setja tívísanir á öll lög og reglur á netinu sem netlink.

14. gr. Upplýsingaöflun og samvinna

Aðstæður umsækjanda eru kannaðar svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn hefur borist. Öflun gagna og upplýsinga fer fram í samvinnu við umsækjanda. Við (meðferð) umsóknar og ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við persónulegan talsmann hans eða umboðsmann hans ef við á. Persónulegur talsmaður skal leggja fram samkomulag við hinn fatlaða, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

Tillaga að nýjum texta

14. gr.

Upplýsingaöflun og samvinna

Kanna skal aðstæður umsækjanda um leið og umsókn um ferðapjónustu hefur borist. Sama á við ef þjónustumiðstöð berast upplýsingar um nauðsyn á ferðapjónustu með öðrum hætti.

Öflun gagna og upplýsinga er unnin í samvinnu við umsækjanda. Við úrvinnslu umsóknar og ákvarðanatöku skal hafa fullt samráð og samvinnu við umsækjendur eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við persónulega talsmenn eða umboðsaðila að eigin vali. Persónulegur talsmaður skal leggja fram samning um persónulegan talsmann fyrir umsækjanda, sbr. Ákvæði 1. Mgr. 7. Gr. Laga nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

15. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti.

Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Ökumenn og aðrir starfsmenn ferðapjónustu fatlaðs fólks skulu skrifa undir yfirlýsingu um trúnað. Trúnaðarskylda helst þó að látið sé af starfi.

Tillaga að nýjum texta

15. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti.

Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi.

Umsækjendur eiga skýran rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál þeirra að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum. Í þeim tilvikum er hægt að veita umbeðnar upplýsingar án þess að veita fullan aðgang að gögnum.

16. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfmenn þjónustumiðstöðva taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

Ábendingum notenda varðandi þjónustuna skal beina til viðkomandi þjónustumiðstöðvar.

**16.gr.
Óbreytt**

17. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða þessara reglna. Þar skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til að fara fram á að velferðarráð fjalli um ákvörðunina. Umsækjandi hefur fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til velferðarráðs Reykjavíkurborgar frá því að honum barst vitneskja um ákvörðunina. Velferðarráð Reykjavíkurborgar skal fjalla um umsóknina og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Ákvörðun velferðarráðs Reykjavíkurborgar er kynnt umsækjanda skriflega og um leið er honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar ~~velferðarmála félagsþjónustu og húsnæðismála.~~

Tillaga að nýjum texta

17. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar fyrir umsækjendum með skriflegum hætti innan x daga. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, annarra laga eða reglna eftir því sem við á. Óski umsækjendur eftir nánari útskýringum eða aðstoð við rökstuðning skal félagsþjónustan verða við þeirri ósk áður en frekara úrvinnsluferli getur hafist.

Þá skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til að fara fram á að velferðarráð fjalli um ákvörðunina. Frestur til að vísa málinu til velferðarráðs Reykjavíkurborgar er fjórar vikur frá því umsækjandi er upplýstur um fyrrnefnda ákvörðun. Velferðarráð skal fjalla um umsókn og skal tilkynna umsækjanda niðurstöðuna skriflega eftir x daga. Á sama tíma er honum kynntur réttur til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála og úthlutað fulltrúa til ráðgjafar og aðstoðar sé umsókn áfram hafnað í heild eða að hluta.

18. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála félagsþjónustu og húsnæðismála

Umsækjandi getur skotið ákvörðun velferðarráðs Reykjavíkurborgar til úrskurðarnefndar velferðarmála ~~félagsþjónustu og húsnæðismála~~. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því umsækjanda var kunngert um ákvörðunina. Tryggja þarf að umsækjendur fái þá aðstoð sem þarf við gerð slíkrar kæru. Kæra telst fram komin innan kærufrests ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borist úrskurðarnefndinni eða verið afhent pósthjónustu áður en fresturinn er liðinn.

18.gr.

Óbreytt fyrir utan vínrauðan texta.

19. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar á grundvelli 35. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks með síðari tíma breytingum og taka gildi xx.xx.2017.

19.gr.

Óbreytt fyrir utan vínrauðan texta

Með góðri kveðju

Elín S. M. Ólafsdóttir ráðgjafi
Björgvin Björgvinsson ráðgjafi
Hreiðar Þór Ørsted ráðgjafi
Kristján Hjálmarsson ráðgjafi

Jarþrúður Þórhallsdóttir Fjölmennt
Kristín Eyjólfsdóttir Fjölmennt

Sent 12. júní 2017

Athugasemdir Sjálfsbjargar. Bárust 30.3.2017 frá Bergi Þorra.
Um reglurnar í heild.

Sjálfsbjörg er fylgjandi öllum breytingum sem verða til framfara.
Hins vegar gerum við eftirfarandi athugasemdir við einstaka greinar.

1. grein.

Sjálfsbjörg hefur ítrekað gert athugasemdir við að réttur til þjónustu sé skilyrtur við þá sem ekki fá styrk til bifreiðakaupa eða njóta bensínstyrks.
Ekki fæst séð að fyrir þessu sé lagaheimild og einnig gengur þetta gegn 20. grein samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem fullgiltur var með ályktun Alþingis þann 20. september 2016.
<http://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/?ltg=145&mnr=865>

3. grein.

Óeðlilegt er að einstaklingar sem hafa varanlega fötlun þurfi að endurnýja umsóknir sínar um ferðþjónustu á 2 ára fresti.
Sem dæmi þá var nýlega samþykkt af þ.v. Innanríkisráðherra heimild til að gæfa úr p-merki (stæðiskort) til allt að 10 ára í stað 5 ára áður.

5. grein.

Í leiðbeinandi reglum velferðaráðuneytis segir: Viðmið um ferðafjölda skulu taka mið af þörfum hvers og eins.
https://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur2012/Leiðbeinandi_reglur_vegna_ferdathjonustu_23012012.pdf

Eins segir í 5. grein reglananna.

Takmörkun á ferðafjölda fer því gegn reglunum sjálfum svo og leiðbeinandi reglum velferðaráðuneytis.

20. grein samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Ferlimál einstaklinga.

Aðildarríkin skulu gera skilvirkar ráðstafanir til þess að tryggja að einstaklingum sé gert kleift að fara allra sinna ferða og tryggja sjálfstæði fatlaðs fólks í þeim efnum, eftir því sem frekast er unnt, meðal annars með því:

a) að greiða fyrir því að fatlað fólk geti farið allra sinna ferða með þeim hætti sem það kýs og á þeim tíma sem það velur og gegn viðráðanlegu gjaldi.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar,
b.t. Sigurbjargar Fjölnsidóttur, deildarstjóra.

9. apríl 2017

Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar um breytingar á reglum um ferðaþjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík.

Með vísan til bréfs þíns til þroskahjálpar, dags. 24. mars sl., vilja samtökin koma eftirfarandi á framfæri varðandi einstakar greinar.

3. gr.

Spurning hvernig umsóknum um undanþágur er sinnt þar sem sérstakar aðstæður gera oft ekki boð á undan sér. Er gert ráð fyrir því í almennu umsókninni að viðikomandi geti líka sótt um undanþágu vegna veikinda, bilaðs bíls o.s.frv. ? Þarf að skýra betur.

Varðandi gildistíma er mikilvægt að notandi fá viðvörun um að samningurinn hans sé að renna út þannig að hann geti endurnýjað hann tímanlega. Ég hef fengið ábendingar um nokkur dæmi þar sem fólk fær neitun þegar það ætlar að þanta ferð þar sem samningurinn sé útrunninn / ferðirnar búnar. Fólk með lífslangar viðvarandi skerðingar þarf að vera varið fyrir þessu með einhverjum hætti.

5. gr.

Þroskahjálp hefur bent á það áður og ítrekur það hér að takmörkun á ferðum jafngildir því að hamlavirkni og félagslegri þátttöku fatlaðs fólks. Það er í skýrri andstöðu við réttidni fatlaðs fólks og skyldur stjórnvalda samkvæmt samningi SP um réttindi fatlaðs fólks. 20 ferðir til félagslegrar virkni jafngilda í raun 10 ferðum á mánuði því að fólk þarf að komast fram og til baka.

Virðingarfyllt,

Brýndís Snæbjörnsdóttir, formaður Landssamtakanna þroskahjálpar.